

Rektor setti fund kl. 9.10.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Baldur Örn Guðnason fulltrúi menntamálaráðuneytis
Elísabet Hjörleifsdóttir varafulltrúi kennara
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Kristín Ástgeirsdóttir varafulltrúi menntamálaráðuneytis
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Árún Sigurðardóttir deildarforseti heilbrigðisdeildar
Ingveldur Tryggvadóttir skjalastjóri

Rektor kynnti dagskrá fundarins. Það hann fundarmenn að hefja fundinn með því að minnst Haraldar Bessasonar fyrrv. rektors HA, sem lést 8. apríl sl., með einnar mínútu þögn.

1. Fundargerðir 276. og 277. funda háskólaráðs
Fundargerðirnar voru bornar upp og samþykktar

2. Rekstraryfirlit janúar – mars 2009

0901015

Úlfar dreifði yfirliti og skýrði út einstaka liði. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 329.168 mkr. eða 24.32% af áætlun ársins. Kostnaður vegna ýmissa annarra verkefna er 27.414 mkr. eða 24.68% af áætlun ársins. Samtals eru það 356.582 mkr. eða 24.35% af áætlun ársins en viðmiðið er 25%. Um er að ræða brúttótölur sem breytast í þeim tilvikum þegar hluti kostnaðar fæst endurgreiddur (rekstur húsnæðis). Rekstur tölvukerfa er hlutfallslega hár vegna leyfisgjalda sem eru greidd fyrirfram í upphafi árs. Staða stofnana og setra með eigin tekjur er einnig sett fram í brúttótölum og styrkir og eigin tekjur eiga eftir að hafa áhrif á þær.

Fundarmenn voru ánægðir með að náðst hefur góð samvinna við deildarforseta og kennara um að draga úr ferðakostnaði.

3. Undirbúningur að ráðningu nýs háskólarektors

0901004

Elísabet vék af fundi undir þessum liði.

Rektor lagði fram tímaáætlun vegna ráðningarferlisins. Þar kemur m.a. fram að álitserð um hæfi umsækjenda um stöðu rektors verði kynnt í háskólaráði 4. maí.

4. Tillaga um endurskoðaðar reglur um framgang og störf dómnefndar

Frestað.

5. Sumarnám 2009

0903087

Rektor gerði grein fyrir efni bréfs til menntamálaráðuneytis um sumarnám við HA, dags. 16. apríl sl.

Háskólinn er reiðubúinn að bjóða upp á 32 námskeið, samtals 210 ECTS einingar, í viðskiptafræði, raunvísindum, félagsvísindum og kennaranámi. Námskeið í viðskiptafræði eru haldin í samstarfi við HÍ, og meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun er kennt í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Auk þessa er nemendum boðið að taka samtals próf í 150 námskeiðum í ágúst. Í mörgum tilvikum þurfa þó nemendur að hafa setið áður í námskeiðum til að öðlast rétt til próftöku.

Námskeiðin 32 fara fram með fjarkennslusniði í júní og ágúst nema nám í félagsvísindum sem eru staðkennd. Að öðru leyti fer nám fram í Blackboard samskiptakerfinu. Gagnasmiðja og bókasafn háskólans verða opin í sumar. Kennarar í viðskiptafræði hafa rætt um að gefa vinnu sína og leyfa afnot af kennslufni sínu án endurgjalds.

Rektor upplýsti að HA hefur ráðið a.m.k. fimm atvinnulausa einstaklinga til að starfa með kennurum háskólans að rannsóknum í sumar, með tilstuðlan Vinnumálastofnunar. Til greina kemur að ráða fleiri enda skortir ekki verkefni.

Aðalheiður lýsti ánægju og þakklæti fyrir hönd nemenda HA fyrir þær ráðstafanir sem háskólinn hefur gert til að koma til móts við þarfir nemenda sem verða án atvinnu sumarið 2009.

Háskólaráð samþykkti einróma ofangreinda áætlun um sumarnám og fulltrúar í ráðinu lýstu einnig yfir mikilli ánægju með viðbrögð kennara sem bera vott um samstöðu með nemendum sem glíma við erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu.

6. Beiðni um takmörkun á fjölda nýnema í heilbrigðisdeild vormisseri 2010

0903053

Elísabet sat ekki fundinn undir þessum lið.

Árún greindi frá að óskað er eftir að hámarksfjöldi nýnema í hjúkrunafræði verði 50 og iðjubjálfun 25. Ástæða þess er að háskólinn getur ekki tryggt fleiri nemum starfsnám á heilbrigðisstofnunum. Háskólaráð samþykkti beiðnina einróma.

7. Umsókn um leiðrétt stigamat

0806058

Rektor rifjaði upp tildrög þess að vísindaráði var falið að taka til umfjöllunar umsóknir um stigamat fyrir tvo kennara sem báðir sitja í stigamatsnefnd.

Vísindaráð leggur til að í nýjum matsreglum verði gerður skýr greinarmunur á akademiskum stigum fyrir rannsóknir og kennslu í flokkum A og B og öðrum starfstigum sem veitt eru fyrir stjórnun, þjónustu, fyrri störf og aðra starfsþætti sem HA vill umbuna fyrir. Það breytir ekki þeim rétti sem starfsmenn eiga samkvæmt núgildandi samkomulagi. Vísindaráð vísar því úrskurði um það til háskólaráðs. Ákveðið var að taka saman minnisblað um málið næsta háskólaráðsfund.

8. Samstarfssamningur milli HA og Landsvirkjunar

0903013

Rektor kynnti samstarfssamning undirritaðan 23. mars sl. Samningurinn kveður á

um samstarf um stöðu rannsóknarprofessors við HA árin 2009 og 2010. Hann er önnur framlenging á samningi samningsaðila sem upphaflega var gerður til fimm ára 2001. Háskólaráð staðfesti samninginn.

9. Samningur um sjávarútvegsmiðstöð við Háskólann á Akureyri

0902075

Rektor kynnti efni samnings milli HA og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis sem undirritaður var 16. þ.m. Samningurinn miðar að því að efla nám og kennslu í sjávarútvegsfræðum við háskólann, ásamt því að styrkja gagnkvæm tengsl skóla og atvinnulífs, stuðla að auknum rannsóknum og að takast á við þróunarverkefni. Samningurinn er gerður til þriggja ára í senn. Háskólaráð staðfesti samninginn.

10. Frá Umboðsmanni Alþingis vegna framgangs tveggja dósentna í prófessorsstöður við HA

0901007

Rektor greindi frá erindi Umboðsmanns. Háskólinn hefur þegar brugðist við niðurstöðum Umboðsmanns varðandi verklag við röðun viðkomandi í launaflokka. Háskólaráð ákvað að fela Pétri Dam Leifssyni lektor að taka saman drög að bréfi til Umboðsmanns Alþingis fyrir næsta fund.

11. Önnur mál

Ingveldur Tryggvadóttir skjalastjóri kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Hún kynnti fyrir fundarmönnum möguleika GoPro málakerfis háskólans sem geta nýst fulltrúum í háskólaráði mjög vel. Háskólaráðsfulltrúar tóku þeirri hugmynd vel. Ákveðið var að fulltrúar fengju netaðgang að gögnum háskólaráðs í kerfinu. Hér eftir verða fundargögn því ekki send út á pappír. Rektor þakkaði Ingveldi fyrir og fór hún af fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.25.